

Ed.

360. Frumvarp til laga

[104. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Hveragerðishreppi hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar og um eignarnámsheimild á lóðum og erfðafesturéttindum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hveragerðishreppi í Árnassýslu allt það land jarðarinnar Vorsabæjar, sem liggur neðan (austan) Hamarsins og línu frá Litla-Hamri skemmstu leið í Varmá.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það ákveðið af gerðardómi, sem kaupandi og seljandi tilnefna hvor sinn mann til, en sýslumaður Árnassýslu skipar oddamann. Hveragerðishreppi skal ekki gert að greiða þá verðhækkun á landinu, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

Andvirði landsins skal Hveragerðishreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær, og þá á sama verði hlutfallslega og Hveragerðishreppi verður gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefnd Hveragerðishrepps að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

Námur og jarðhitaréttindi fylgja ekki hinu selda landi. Seljandi skal jafnan án endurgjalds eiga umferðarrétt og rétt til annarra landsnota, sem þörf kann að vera á vegna hagnýtingar jarðhita.

2. gr.

Hreppsnefnd Hveragerðishrepps er heimilt að taka eignarnámi lóðir í einkaeign og erfðafesturéttindi úr landi jarðarinnar Vorsabæjar, er liggja innan takmarka þeirra, er um ræðir í 1. gr., ef nauðsyn krefur vegna skipulags hreppsins.

Um framkvæmd eignarnáms fer eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25 18. apríl 1964, um heimild fyrir ríkissjóð til lóðakaupa í Hveragerðishreppi.